

Reifun á úrskurði nr. 2/2015 – Myndverk

B kærði ákvörðun Tollstjóra um að leggja virðisaukaskatt á sendingar þær sem B flutti inn. B taldi sig ekki eiga að greiða virðisaukaskatt af umræddum sendingum þar sem verk eftir hann sjálfan væri að ræða, sbr. 2. tl. 39. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi.

Niðurstaða: Til að njóta umræddrar undanþágu þurfa listaverk að uppfylla tvö skilyrði, að listamaðurinn sjálfur sé innflytjandi og að verkið flokkist í tollskrárnúmer 9701.1000-9703.0000. Þar sem um prentanir var að ræða sem gerðar voru af fyrirtæki erlendis, gátu þau ekki flokkast í umrædd tollskrárnúmer, heldur í 4911.9109. Vísaði Tollstjóri máli sínu til stuðnings til skýringabóka alþjóðtollastofnunarinnar. Þrátt fyrir að kærandi væri höfundur verkanna gátu verkin því ekki notið umræddrar undanþágu og var niðurstaða Tollstjóra um gjaldskyldu kæranda staðfest.